




Skrímsli

Höfundar: Silja Kristjánsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 4.–7. bekk



Aðferð:

Vélsaumur
Útsaumur

Efni:

- ✓ Pappír
- ✓ Þunnt flísefni
- ✓ Filtefni
- ✓ Perlugarn
- ✓ Tróð

Áhöld:

- ✓ Blýantar
- ✓ Skæri
- ✓ Fatatússlitir/krit
- ✓ Saumavél
- ✓ Nál
- ✓ Títuprjónar

Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Byrjið á að teikna skrímsli á blað.

Gott að gera 2–3 skissur áður en snið er búið til.



- 2 **Snið búið til:** Ef báðar hliðar skrímslisins eiga að vera eins er gott að brjóta blaðið í tvennt og teikna bara annan helminginn. Útlimir verða að vera minnst 2 cm breiðir þar sem þeir festast við búkinn, svo hægt sé að snúa þeim við.

- 3 Klippið skrímslið út. Nú er sniðið tilbúið.

- 4 Finnið filtefni í skrímslið, fram- og bakstykki.

- 5 Klippið efnið þannig að það sé alla vega 2–3 cm stærra en sniðið.

Nýtið efnið vel.





- 6 Festið sniðið við efnið með títuprjónum og strikið eftir því með fatatússi eða krít.

- 7 Saumið eftir línunum. Skiljið eftir smá gat til að snúa skrímslinu við og troða inn í það. Gott er að hafa gatið nálægt andlitinu til að auðvelda útsaum. Gætið þess að bakka í upphafi og enda.

- 8 Klippið skrímslið út 1 cm frá saumunum. Klippið varlega upp í hornin og klippið V þar sem bogadregnar línur eru.

Passið að klippa hvergi í saumana.



- 9 Snúið skrímslinu varlega við.

Gott er að nota prjón eða prik til að ýta hornunum út.



- 10 Andlit:** Prófið að gera fleiri en eitt andlit á sniðið. Teiknið það andlit sem ykkur finnst best á filtefnið með fatakrít.

Andlitið er hægt að gera á marga vegu:

- ✓ Svo sem að klippa út filtbúta og sauma á.
- ✓ Nota tölur eða tilbúin augu.
- ✓ Sauma beint á með perlugarni og útsaumssporum.

Kláraðu andlitið. Sé andlitið útsaumað er gott að festa þráðinn inn í skrímslinu með tvöföldum hnút.

- 11** Fylltu skrímslið með tróði.

Eða bara teikna rautt hjarta.

- 12 Hjarta í skrímslið:** Það er hægt að klippa það út úr afgangsfilti eða flísefni. Ef þið viljið heyra hjartslátt er hægt að setja litla bjöllu með hjartanu.



- 13** Saumið fyrir gatið á skrímslinu með fínni nál og tvinna í sama lit og efnið er.

- 14 Vegabréf fyrir skrímslið:** Veldu eitt litað A5 blað og tvö hvít blöð af sömu stærð. Brjóttu blöðin í tvennt og saumaðu saman kjölinn með löngu beinu spori í saumavélinni.

Það sem þið getið haft í vegabréfinu:

- ✓ Mynd / teikning af skrímslinu.
- ✓ Nafn þess.
- ✓ Fæðingardagur og ár.
- ✓ Hæð.
- ✓ Þyngd.
- ✓ Augnlitur.
- ✓ Þjóðerni.
- ✓ Teiknið fána og skjaldamerki þess.
- ✓ Skrifið eitthvað fleira um ofurkrafta, tungumál og aðra eiginleika þess.



Til kennara

Ef efnið er mjög dökkt sem skrímslið er saumað úr er gott að nota skæra liti eða sauma eftir sniðinu sjálfu.

Áður en byrjað er á andlitinu er gott að nemendur æfi sig í útsaumi til að finna út hvaða spor henta til að festa augun eða gera munn. Hægt að gera bókamerki sem er 8 x 18 cm. Tilvalið að sauma t.d. nokkur spor af þræðispori, aftursting, tunguspori, krosssaumi og lykkjuspori. Hægt er að nota bókamerkið líka til að æfa sig í að festa eina 4 gata tölu. Nemendur geta haft bókamerkið sem aukaverkefni.